




Starfsáætlun Traðar



2021 -2022

Efnisyfirlit

.....	3
Inngangur.....	3
Starfsfólk og verkefni Traðar	4
Tilhögun kennsluráðgjafar.....	5
Tilhögun atferlisráðgjafar	6
<i>Að verða betri ég - námskeið</i>	6
Tilhögun skammtíma skólaúrræðis	6
Stoðþjónusta	8
Foreldrasamstarf	9
Innra mat.....	9
Hagnýtar upplýsingar.....	10
Skóladagatal	11



Inngangur

Tröð er yfirheiti yfir einstaklingsbundin úrræði fyrir nemendur sem glíma við náms-hegðunar- eða tilfinningavanda.

Á vegum Traðar eru fjögur úrræði: Skammtíma skólaúrræði, kennsluráðgjöf vegna einstakra nemenda, atferlisráðgjöf og námskeiðið, *Að verða betri ég*.

Tröð starfar með hliðsjón af lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerð um nemendur með sérþarfir nr. 585/2010. Samkvæmt reglugerð um nemendur með sérþarfir eru settar starfsreglur sem Tröð starfar eftir sem samþykktar eru af skólanefnd og menntamálaráðuneyti.

Tröð skammtíma skólaúrræði er ætlað nemendum sem glíma við erfiðleika tengda skólavist og þurfa tímabundna breytingu á skólagöngu. Tröð er staðsett að Neðstutröð 6 þar sem aðstæður eru heimilislegar og henta vel fyrir starfseminu. Auðvelt er að stunda útiveru og stutt er í almenningssamgöngur og sundlaug.

Kennsluráðgjafi vinnur að stuðningi við starfsfólk skóla sem felst m.a. í athugunum á náms- og félagslegri stöðu nemenda og ráðgjöf vegna kennslu og náms nemenda.

Kennsluráðgjafi vinnur í samstarfi við heimaskóla og skammtíma skólaúrræði að bættri líðan nemenda og námslegri stöðu þeirra. Kennsluráðgjafi fylgir eftir ákveðnum nemendum sem dvalið hafa í skólaúrræðinu í sína heimaskóla.

Atferlisráðgjafi vinnur að stuðningi við starfsfólk skóla sem felst m.a. í athugunum á hegðun og félagslegri stöðu nemenda og ráðgjöf til skóla. Atferlisráðgjafi vinnur í samstarfi við heimaskóla og skammtíma skóla úrræði að bættri hegðun nemenda og félagslegri færni.

Hann fylgir eftir ákveðnum nemendum sem dvalið hafa í skólaúrræðinu í sína heimaskóla.

Námskeiðið *Að verða betri ég* er forvarnarverkefni sem haldið er í grunnskólum Kópavogs með það að marki að styrkja nemendur sem eiga í hegðunar-, tilfinninga- og samskiptavanda.

Starfsfólk og verkefni Traðar

**Stjórnun –
Ragnheiður**
-Fjármál, ytri
stjórnun og
ábyrgð.

Fagleg ráðgjöf og stuðningur –Sólveig

- Tekur við umsóknum
- Situr í inntökuteymi
- Ábyrgð á stefnumótandi vinnu.

Kennarar – Anna og Sæunn

- Sinna daglegum rekstri.
- Einstaklingskennsla og undirbúningur hennar
- Taka þátt í vinnu við þróun úrræðis

Kennsluráðgjafi – Þórhildur Helga

- Fræðsla og ráðgjöf við nemendur.
- Situr í inntökuteymi
 - Ábyrgð á stefnumótandi vinnu.

Að verða betri ég- námskeið- Jóhann og Jóhanna

- Forvarnarteymi, heldur námskeið fyrir nemendur.
- Taka þátt í vinnu við þróun úrræðis

Atferlisráðgjafi – Ingunn

- Fræðsla og ráðgjöf við nemendur.
- Situr í inntökuteymi
- Tekur þátt í vinnu við þróun úrræðis

Ragnheiður Hermannsdóttir, yfirstjórn: Vinnuskýrslur, fjármál, ytri stjórnun og ábyrgð.

Sólveig Norðfjörð og Þórhildur Helga Þorleifsdóttir, stjórnun: Leiða faglegt starf og þróun þess, og stýra inntöku nemenda. Skipuleggja samskipti og samráð við skólana.

Anna Jóhannsdóttir og Sæunn Óladóttir, kennarar: Skipuleggja kennslu sem hæfir ólíkum nemendum. Vinna með fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsnámskrár, hegðunarmótandi áætlana og aðlagð nám- og námsumhverfi. Taka þátt í vinnu við þróun úrræðis. Bera ábyrgð á inn- og útskriftarfundum og stýra þeim og bera einnig ábyrgð á innkaupum og húsnæði.

Þórhildur Helga Þorleifsdóttir, kennsluráðgjafi: Veitir kennslufræðilega ráðgjöf út í skólum. Kemur að gerð áætlana um vinnu með nemendum. Fylgir nemendum eftir og veitir ráðgjöf bæði fyrir og eftir inntöku nemenda í Tröð.

Ingunn Brynja Einarsdóttir, atferlisfræðingur: Vinnur með hegðun, samskipti og líðan nemenda. Veitir ráðgjöf út í skólum. Kemur að gerð áætlana um vinnu með nemendum. Fylgir nemendum eftir og veitir ráðgjöf bæði fyrir og eftir inntöku nemenda í Tröð.

Jóhann Pétur Herbertsson og Jóhanna María Eyjólfsdóttir: Mynda forvarnarteymi sem samanstendur af fjölskylduráðgjafa og grunnskólakennara. Teymið heldur námskeið í grunnskólum fyrir nemendahópa með hegðunar- og tilfinningavanda

Í samráði við foreldra/forráðamenn sækja skólastjórnendur grunnskólanna um úrræði Traðar fyrir nemendur í gegnum þjónustugátt Kópavogsbæjar.

Í inntökuteymi Traðar eru verkefnastjóri, kennsluráðgjafi og atferlisráðgjafi skólapijónustu grunnskóladeildar. Reglulegir inntökufundir eru haldnir og þar er farið yfir umsóknir og metið hvaða úrræði Traðar hentar best hverjum nemanda.

Annað skipulag er varðandi inntöku á námskeiðið *Að verða betri ég* sem er tilgreint nánar hér á eftir.



Tilhögun kennsluráðgjafar

Til þess að fá góða innsýn í vinnubrögð, hegðun og líðan nemenda, aflar kennsluráðgjafi upplýsinga m.a. með vettvangsathugunum og samtölum við foreldra og starfsfólk. Hann veitir faglega ráðgjöf og stuðning til kennara, foreldra og annarra starfsmanna skóla að lokinni athugun. Kennsluráðgjafi skilar greinagerðum fyrir hvern nemanda til skólans og skólapijónustunnar. Kennsluráðgjafi ráðleggur starfsmönnum skóla um kennslufræðilegar útfærslur og einstaklingsnámskrár, tekur þátt í teymisfundum nemenda og sér um eftirfylgd mála. Hann fylgist með og miðlar nýjungum varðandi málefni nemenda sem þurfa á stuðningi að halda. Kennsluráðgjafi vinnur í nánú samstarfi við nemendur, foreldra, kennara og aðra þá sem koma að málefnum nemenda.

Tilhögun atferlisráðgjafar

Atferlisráðgjöf byggir á hagnýtri atferlisgreiningu (e. applied behavior analysis) sem leggur áherslu á notkun vísindalegra aðferða til að leysa vandamál af ýmsu tagi. Atferlisráðgjafi annast greiningu á vanda, þróun íhlutunar í kjölfarið, handleiðslu á starfsfólki svo að íhlutun sé framfylgt og eftirfylgni eftir að handleiðslu líkur. Atferlisráðgjafi fylgist með skjólstæðingi sínum og skráir upplýsingar um hegðun hans og umhverfi. Einnig eru tekin viðtöl við kennara, aðstandendur og nemendur ef þess er þörf. Þessar upplýsingar eru síðan notaðar í ráðgjöf, íhlutun og kennslu. Atferlisráðgjafi tekur þátt í teymisfundum nemenda og sér um eftirfylgd mála. Hann vinnur í nánú samstarfi við ýmsa sérfræðinga, kennara, foreldra og aðra þá sem koma að málefnum nemenda.

Að verða betri ég - námskeið

Meginmarkmið með námskeiðinu *Að verða betri ég* er að auka getu nemenda til tengslamyndunar og stuðla að því að nemendum líði vel bæði í leik og starfi með því að vinna markvisst með ábyrgð, viðhorf og skilning nemenda á hegðun sinni sem og sjálfsmynd nemenda.

Námskeiðið fer fram í grunnskólum bæjarins í samstarfi við skólastjóra. Starfsmenn vinna úti í skólunum, 4 daga vikunnar, þrjár til fjórar klukkustundir á dag með hópi nemenda í 2-6 mánuði. Vinnan fer fram á fjölbreyttan hátt, allt eftir þörfum nemenda, með einstaklingsviðtölum, fundum í fámennum hópum eða fundum með fjölskyldum einstakra nemenda. Að lokinni vinnu í hverjum skóla er möguleiki á eftirfylgd eftir þörfum. Skólastjórnendur velja nemendur í samráði við kennara og foreldra. Skólastjórnendur hvers skóla bera ábyrgð á því að upplýsa foreldra og úthluta starfsmönnum forvarnarverkefnið ákveðnum tengilið innan skólans. Tengiliður sér um að kynna starfsmennina inn í skólann t.d. á starfsmannafundi eða með tölvupósti. Tengiliður sér jafnframt um að koma á fundi með sálfræðingi, námsráðgjafa, umsjónarkennurum, sérkennurum og öðrum þeim aðilum innan skólans sem koma að þeim nemendum sem unnið verður með. Við lok tímabils skilar forvarnarteymi umsögn og tillögum að frekari vinnu með nemendum á fundi með starfsfólki skóla sem vinna áfram með viðkomandi nemanda.

Tilhögun skammtíma skólaúrræðis

Skólaúrræðið er starfrækt á almennum skólatíma samkvæmt skóladagatali og að jafnaði eru þar fjórir nemendur. Tröð skammtíma skólaúrræði, heimaskóli og foreldrar vinna saman með nemendum að námi og velferð þeirra og nemendur koma með námsgögn og áætlanir frá sínum heimaskóla. Markmiðið er að vinna með vandann á markvissan hátt og leita lausna sem nýtast fyrir áframhaldandi skólagöngu í heimaskóla. Stefnt er að því að nemendur fari sem fyrst aftur í sinn heimaskóla og dvalartími því miðaður við 4 – 6 vikur. Byggt er á einstaklingsmiðuðu námi þar sem meginmarkmiðið er að hver nemandi fái notið sín í leik og starfi. Lögð er áhersla á grunnþætti menntunar og þátttöku, samskipti og samvinnu með það að marki að efla sjálfstraust, félagsfærni og færni sem nýtist í daglegu lífi. Skóladagurinn er án hefðbundinna frímínútna og kennarar eru með nemendum allan skóladaginn.

Samkvæmt grunnskólalögum eiga allir nemendur rétt á kennslu við sitt hæfi. Í samráði við nemanda, foreldra og heimaskóla er námið skipulagt með þarfir nemandans að leiðarljósi. Skóladagurinn í skammtíma skólaúrræðinu Tröð er kl. 8:10-12:30 (12:00 á föstudögum).

Dagskipulag :

8:00 – 8:30	Nemendur mæta í skólann – lestur – handavinna – spjall
8:30 – 10:00	Námslota sem skipulögð er með sérstökum ramma fyrir hvern og einn.
10:00 – 10:30	Hressing
10:30 – 11:00	Námslota sem skipulögð er með sérstökum ramma fyrir hvern og einn.
11:00 – 12:00	Verkleg vinna og/eða hreyfing
12:00 – 12:30	Hádegismatur.

Á inntökufundi eru sett markmið með foreldrum og nemanda sem miða að því að nemandi verði betur í stakk búinn til að takast á við skólagöngu í sínum heimaskóla. Bóklegt nám er unnið út frá aðalnámskrá grunnskóla og námskrám viðkomandi skóla. Námið er endurskipulagt eins og þurfa þykir og aðlagð að hverjum nemanda. Markmiðin eru nemendamiðuð og metin af kennurum Traðar með nemendum og foreldrum.

Hugað er að velferð og vellíðan nemenda með því að vinna að:

- bættri líðan
- aukinni virkni
- aukinni námshæfni
- aukinni félagsfærni
- námslegum og tilfinningalegum sigrum
- jákvæðri umhverfisvitund

Leiðir:

- fjölbreytileg nálgun að viðfangsefninu s.s. hvatningarkerfi, stuðningsáætlanir, myndrænar uppsetningar og fl.
- einstaklingskennsla en reynt að ná samtali og samvinnu hjá nemendum þegar það á við
- unnið er sem mest út frá styrkleikum og áhugasviði nemenda

Eftirfylgni með markmiðum er með ýmsu móti s.s :

- Nemendasamtölum
- Daglegri skráningu
- Samantektum fyrir stöðu- og útskriftarfundi
- Samvinnu við foreldra og fagfólk

Útikennsla og vettvangsferðir

Hreyfing er hluti af skólastarfi Traðar og nærumhverfið nýtt í leiki og ferðir. Stundum er farið í lengri ferðir til dæmis á söfn, í húsdýragarðinn eða út fyrir borgina. Í þeim tilvikum nota kennarar eigin bíla og þurfa foreldrar/forráðamenn að gefa samþykki sitt fyrir því á þar til gerðu eyðublaði.

Skólabragur

Í Tröð er leitast við að skapa umhverfi þar sem nemendur finna til öryggis og hafa tækifæri til að styrkjast í námi og leik. Skólabragurinn er heimilislegur og mikið lagt upp úr samveru og samvinnu hópsins. Matartímar, lestrarstundir, umræður og leikir eru nýttir m.a. til að efla félagsfærni og stuðla að heilbrigðri lífsýn. Kenndar eru slökunaræfingar til að hjálpa nemendum að ná ró og vellíðan. Tröð er umhverfisvænt skólasamfélag sem kappkostar að lágmarka matarsóun og flokka sem mest í endurvinnslu.

Skólareglur

- Samskipti skulu grundvallast á gagnkvæmi virðingu, kurteisi og tillitssemi
- Nemendur skulu leggja sig fram um að gera eins vel og þeir geta við vinnu sína
- Nemendur skólans eiga að mæta stundvíslega í skólann. Forföll skal tilkynna svo fljótt sem auðið er
- Gengið er vel um umhverfið jafnt innan dyra sem utan
- Tröð er reyklaust og vímulaust skólaúrræði og ofbeldi er ekki liðið.

Brot á reglum

- Rætt er við nemanda og samráð haft við foreldra/forráðamenn
- Samráð við Menntasvið Kópavogs og/eða aðra fagaðila sem koma að málum nemandans

Stoðþjónusta

Skólaþjónusta grunnskóladeildar sér um ráðgjöf og kennslufræðilega þjónustu við nemendur, foreldra og starfsfólk Traðar. Kennsluráðgjafi og/eða atferlisráðgjafi vinna með heimaskóla að undirbúningi fyrir komu nemanda aftur í skólann. Hægt er að óska eftir greiningu, ráðgjöf eða viðtölum hjá sálfræðingi, talmeinafræðingi og iðjupjálfa ef þörf er á því. Samstarf er við aðra sem tengjast nemandanum eins og velferðasvið, heilsugæslu og BUGL eftir því sem þurfa þykir hverju sinni.

Foreldrasamstarf

Góð samvinna er á milli starfsfólks Traðar og foreldra. Á innskriftarfundum er rætt um samstarfið og skipulag Traðar. Foreldrar eru með á stöðu- og útskriftarfundum og er velkomið að hafa samband hvenær sem er. Þess utan er gagnkvæm samvinna í formi símtala eða netpósta eins og þurfa þykir.

Innra mat

Tröð, skóla- og skammtímaúrræði mótar innra mat á árangri og gæði starfsins. Innra mat er samofið starfseminni og byggir á fjölbreyttum gögnum. Tekið er mið af viðfangsefnum hverju sinni og nemendur, foreldrar og starfsfólk taka þátt í matinu eftir því sem við á. Innra mat er umbótamiðað og á því byggir endurmenntunaráætlun.

Innra mat byggir á eftirfarandi gögnum:

- Viðhorfi nemenda til starfsins. Spurningalisti lagður fyrir nemendur við útskrift úr Tröð.
- Viðhorfi foreldra til starfsins. Spurningalisti lagður fyrir foreldra við útskrift barna þeirra úr Tröð.
- Viðhorfi heimaskóla nemenda til árangurs af dvöl þeirra í Tröð. Spurningalisti lagður fyrir umsjónarkennara nemandans í síðasta lagi mánuð eftir útskrift hans í Tröð.
- Reglulega eru haldnir matsfundir með starfsfólki og ráðgjafa Traðar.
- Að vori er farið yfir viðhorfakannanir og gerð umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.

Umbætur í skólastarfinu sem unnið verður að skólaárið 2021-2022 byggja á þeim gögnum sem fást í gegnum mat það sem nefnt er hér að ofan. Aðalverkefnið snýr að því að efla vinnulag til að styðja við að þær breytingar sem gerðar eru á kennsluháttum fyrir nemendur í Tröð, skóla- og skammtímaúrræði yfirfærast með þeim út í heimaskóla að dvöl í Tröð lokinni.

Röskun á skólastarfi vegna óveðurs

Samkvæmt reglum sem Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hefur gefið út um röskun á skólastarfi vegna óveðurs er það á ábyrgð foreldra að taka ákvörðun um hvort senda eigi börn í skólann þegar veður er vont.

<https://vefur.shs.is/wp-content/uploads/2021/09/ALM-vedurbaeklingur-starfsfolk-IS.pdf>

Hagnýtar upplýsingar

Tröð skóla- og skammtímaúrræði
Neðstatröð 6, 200 Kópavogur
Sími : 441-9390
Gsm: 615-2570
Netfang: troðskoli@kopavogur.is

Daglegur opnunartími

Tröð er opin mánudaga til fimmtudaga frá kl. 7:50 – 15:30 og föstudag frá kl. 7:50 – 14:00

Skólaakstur

Nemendur utan skólahverfis eiga rétt á miðum í almenningsvagna og/eða akstri til og frá skóla sem er þá útfært nánar í samráði við foreldra og stjórnendur.

Skólamáltíðir

Nemendur fá máltíðir í Tröð meðan á dvöl þeirra stendur sér að kostnaðarlausu. Kennarar sjá um innkaup og matseld og áhersla er á hollan og heimilislegan mat. Nemendur eru þátttakendur í matseld ef því er við komið.

Frístund nemenda

Nemendur í 1.- 4. bekk eiga rétt á að sækja frístund í sínum heimaskóla og fara þangað strax eftir skóla.

Félagsstarf nemenda

Nemendur eiga rétt á að stunda félagsstarf í sínum heimaskólum og félagsmiðstöðvum. Nemendur taka þátt í þeim viðburðum sem skólar/bekkir þeirra skipuleggja sem hentar þeim.

Skóladagatal

Skóladagatal Traðar er unnið samkvæmt lögum og reglugerðum. Á því koma fram helstu viðburðir skólaársins. Skipulagsdagar á þessu skólaári eiga að vera samræmdir við skiplagsdaga í leik- og grunnskólum í nágrenninu. Skipulagsdagar eru 5 innan skólatíma nemenda en skóladagar nemenda eru 180. Þá daga vinna kennarar að skipulagi, áætlunargerð, stefnumótun og mati á skólastarfinu.

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Nafn skóla:

TRÖÐ

Skóladagatal 2021 - 2022

AGÚST			SEPTEMBER			OKTÓBER			NOVEMBER			DESEMBER			JANÚAR			FEBRÚAR			MARS			APRIL			MAÍ			JÚNÍ		
1 S	1 M		1 M		1 F	1 F		1 M	1 M		1 M	1 M	1 M	1 M	1 L	1 M		1 Þ	1 Þ		1 Þ	1 Þ	1 F	1 F	1 S	1 S	1 S	1 M				
2 Mi-friðg. verklauma	2 F				2 L			2 Þ			2 F	2 F	2 F	2 F	2 S		2 M		2 M		2 M	2 M	2 L	2 L	2 M	2 M	2 M	2 F	2 F			
3 Þ	3 F				3 S			3 M	3 M		3 F	3 F	3 F	3 F	3 M	3 Mi-friðg. verklauma	3 F	3 F	3 F	3 F	3 F	3 S	3 S	3 Þ	3 Þ	3 Þ	3 F	3 F	3 F			
4 M	4 L				4 M			4 F	4 F		4 L	4 L	4 L	4 L	4 Þ		4 F	4 F	4 F	4 F	4 F	4 M	4 M	4 M	4 M	4 M	4 L	4 L	4 L			
5 F	5 S				5 Þ			5 F	5 F		5 S	5 S	5 S	5 S	5 M		5 L	5 L	5 L	5 L	5 L	5 Þ	5 Þ	5 F	5 F	5 F	5 S	5 S	5 S			
6 F	6 M				6 M			6 L	6 L		6 M	6 M	6 M	6 M	6 F	6 Mi-friðg. verklauma	6 S	6 S	6 S	6 S	6 S	6 M	6 M	6 F	6 F	6 F	6 M	6 M	6 M			
7 L	7 Þ				7 F			7 S	7 S		7 Þ	7 Þ	7 Þ	7 Þ	7 F		7 M	7 M	7 M	7 M	7 M	7 F	7 F	7 L	7 L	7 L	7 Þ	7 Þ	7 Þ			
8 S	8 M	8 Dagur leiks	8 F	8 F	8 Mi-friðg. verklauma	8 F	8 F	8 Mi-friðg. verklauma	8 M	8 M	8 M	8 M	8 M	8 L	8 L	8 L	8 Þ	8 Þ	8 Þ	8 Þ	8 Þ	8 F	8 F	8 S	8 S	8 S	8 S	8 M	8 M	8 M		
9 M	9 F				9 L			9 Þ	9 Þ		9 F	9 F	9 F	9 F	9 S		9 M	9 M	9 M	9 M	9 M	9 L	9 L	9 M	9 M	9 F	9 F	9 F	9 F	9 F		
10 Þ	10 F				10 S			10 M	10 M		10 F	10 F	10 F	10 F	10 M		10 F	10 F	10 F	10 F	10 F	10 S	10 S	10 Þ	10 Þ	10 Þ	10 F	10 F	10 F			
11 M	11 L				11 M			11 F	11 F		11 L	11 L	11 L	11 L	11 Þ		11 F	11 F	11 F	11 F	11 F	11 M	11 M	11 M	11 M	11 L	11 L	11 L	11 L	11 L		
12 F	12 S				12 Þ			12 F	12 F		12 S	12 S	12 S	12 S	12 M		12 L	12 L	12 L	12 L	12 L	12 Þ	12 Þ	12 F	12 F	12 F	12 S	12 S	12 S	12 S		
13 F	13 M				13 M			13 L	13 L		13 M	13 M	13 M	13 M	13 F		13 S	13 S	13 S	13 S	13 S	13 M	13 M	13 F	13 F	13 F	13 M	13 M	13 M	13 M		
14 L	14 Þ				14 F			14 S	14 S		14 Þ	14 Þ	14 Þ	14 Þ	14 F		14 M	14 M	14 M	14 M	14 M	14 F	14 F	14 L	14 L	14 L	14 Þ	14 Þ	14 Þ	14 Þ		
15 S	15 M				15 F			15 Þ	15 Þ		15 M	15 M	15 M	15 M	15 L		15 Þ	15 Þ	15 Þ	15 Þ	15 Þ	15 F	15 F	15 S	15 S	15 S	15 M	15 M	15 M	15 M		
16 Mi-friðg. verklauma	16 F	16 Dagur leiks	16 L	16 L	16 S	16 S	16 S	16 Þ	16 Þ	16 Þ	16 F	16 F	16 F	16 F	16 S		16 M	16 M	16 M	16 M	16 M	16 F	16 F	16 M	16 M	16 F	16 F	16 F	16 F	16 F		
17 Þ	17 F				17 S			17 M	17 M		17 F	17 F	17 F	17 F	17 M		17 F	17 F	17 F	17 F	17 F	17 S	17 S	17 Þ	17 Þ	17 Þ	17 F	17 F	17 F	17 F		
18 M	18 L				18 M			18 F	18 F	18 F	18 L	18 L	18 L	18 L	18 Þ		18 F	18 F	18 F	18 F	18 F	18 M	18 M	18 M	18 M	18 L	18 L	18 L	18 L	18 L		
19 F	19 S				19 Þ			19 M	19 M		19 L	19 L	19 L	19 L	19 M		19 L	19 L	19 L	19 L	19 L	19 Þ	19 Þ	19 F	19 F	19 F	19 S	19 S	19 S	19 S		
20 F	20 M				20 M			20 L	20 L	20 L	20 M	20 M	20 M	20 M	20 F		20 S	20 S	20 S	20 S	20 S	20 M	20 M	20 F	20 F	20 F	20 M	20 M	20 M	20 M		
21 L	21 Þ				21 F			21 S	21 S		21 Þ	21 Þ	21 Þ	21 Þ	21 F	21 F	21 M	21 M	21 M	21 M	21 M	21 F	21 F	21 L	21 L	21 L	21 Þ	21 Þ	21 Þ	21 Þ		
22 S	22 M				22 Þ			22 M	22 M		22 L	22 L	22 L	22 L	22 Þ		22 Þ	22 Þ	22 Þ	22 Þ	22 Þ	22 F	22 F	22 S	22 S	22 M	22 M	22 M	22 M	22 M		
23 Mi-friðg. verklauma	23 F				23 L	23 L	23 L	23 Þ	23 Þ	23 Þ	23 M	23 M	23 M	23 M	23 F		23 M	23 M	23 M	23 M	23 M	23 L	23 L	23 M	23 M	23 F	23 F	23 F	23 F	23 F		
24 Þ	24 S				24 M			24 L	24 L		24 M	24 M	24 M	24 M	24 F		24 F	24 F	24 F	24 F	24 F	24 S	24 S	24 Þ	24 Þ	24 F	24 F	24 F	24 F	24 F		
25 M	25 L				25 M			25 Þ	25 Þ		25 M	25 M	25 M	25 M	25 L		25 F	25 F	25 F	25 F	25 F	25 M	25 M	25 M	25 M	25 L	25 L	25 L	25 L	25 L		
26 F	26 S	26 Söndg. leikur	26 Þ	26 Þ	26 S	26 S	26 S	26 M	26 M		26 L	26 L	26 L	26 L	26 M		26 L	26 L	26 L	26 L	26 L	26 Þ	26 Þ	26 F	26 F	26 S	26 S	26 S	26 S	26 S		
27 F	27 M				27 L			27 Þ	27 Þ		27 M	27 M	27 M	27 M	27 F		27 S	27 S	27 S	27 S	27 S	27 M	27 M	27 F	27 F	27 M	27 M	27 M	27 M	27 M		
28 L	28 Þ				28 M			28 L	28 L		28 M	28 M	28 M	28 M	28 F		28 M	28 M	28 M	28 M	28 M	28 F	28 F	28 L	28 L	28 Þ	28 Þ	28 Þ	28 Þ	28 Þ		
29 S	29 M				29 F			29 M	29 M		29 L	29 L	29 L	29 L	29 M		29 Þ	29 Þ	29 Þ	29 Þ	29 Þ	29 F	29 F	29 S	29 S	29 M	29 M	29 M	29 M	29 M		
30 M	30 F				30 L			30 Þ	30 Þ		30 M	30 M	30 M	30 M	30 F		30 M	30 M	30 M	30 M	30 M	30 L	30 L	30 M	30 M	30 F	30 F	30 F	30 F	30 F		
31 Þ	31 S				31 M			31 Þ	31 Þ		31 M	31 M	31 M	31 M	31 F		31 F	31 F	31 F	31 F	31 F	31 L	31 L	31 Þ	31 Þ	31 Þ	31 M	31 M	31 M	31 M		